


XXIV. landsþing

Sambands íslenskra sveitarfélaga



Nýtt umhverfi – Ný úrlausnarefni – Ný tækifæri

NIÐURSTÖÐUR UMRÆÐUHÓPA

Hópur 2



HLUTVERK SVEITARFÉLAGA Í UPPBYGGINGU EFTIR HRUN

Umræðustjóri: Eiríkur Björn Björgvinsson

Ritari: Anna Guðrún Björnsdóttir



Sameiningar sveitarfélaga og flutningur verkefna til þeirra

- Leggja áherslu á samvinnu sveitarfélaga um verkefni og að efla landshlutasamtökin sem vettvangur fyrir samstarfsverkefni sveitarfélaga án þess að útiloka möguleika á nýjum samstarfsumdæmum.
- Samvinna sveitarfélaga um verkefni getur orðið aðdragandi að sameiningum sem sátt er um.

- .



Sameiningar sveitarfélaga og flutningur verkefna til þeirra

- Íbúar orðnir langþreyttir á sameiningarkosningum. Hvenær á verkefninu að ljúka?
- Sameiningar hafa ekki skilað efnahagslegum ávinningi og íbúar eru vonsviknir yfir að loforð um úrbætur í samgöngum og þjónustu hafi ekki skilað sér.
- Vantar sýnilegan ávinning fyrir íbúa af sameiningum.



Sameiningar sveitarfélaga og flutningur verkefna til þeirra

- Vinna þarf að sameiningum út frá hagsmunum íbúa en ekki einblína á hagræðingu í stjórnsýslu.
- Skoða þarf hvernig aukið íbúðalýðræði getur nýst til sameininga sveitarfélaga og hvernig hægt sé að tryggja hagsmuni jaðarsvæða.
- Ekki hræðsla við að taka að sér ný verkefni en hræðsla um að geta ekki staðið undir þeim kostnaðarlega.



Sameiningar sveitarfélaga og flutningur verkefna til þeirra

- Vinna þarf heildstætt að endurbótum á þjónustu og stjórnsýslu ríkis og sveitarfélaga og samhæfa staðbundin umdæmi ríkis og sveitarfélaga.
- Öll ráðuneyti þurfa að ganga í takt.
- Skoða myndun sameiginlegra þjónustusvæða ríkis og sveitarfélaga.



Pátttaka sveitarfélaga í byggðapróun og atvinnuuppbyggingu

- Sveitarfélög fá meiri áhrif í byggða- og atvinnumálum og byggðamál færast til hins nýja innanríkisráðuneytis.
- Efla landshlutasamtökin og styrkja hlutverk þeirra í atvinnu- og byggðamálum.




Þátttaka sveitarfélaga í byggðapróun og atvinnuuppbyggingu

- Einfalda stuðningskerfið við atvinnulífið með sameiningu þjónustueininga, sbr. t.d. starfsemi atvinnuþróunarfélaga og útibúa Nýsköpunarmiðstöðvar.
- Byggðamál taki til alls landsins.
- Markvissari stuðning þarf við byggða- og atvinnumál á jaðarsvæðum
- Sóknaráætlun mikilvæg en vinna við hana gagnrýnd.



Skipulagsmál sveitarfélaga

- Mikilvægt að auka áhrif sveitarfélaga á skipulagsmál
- Svæðisskipulag mikilvægur grunnur að heildstæðri sýn á skipulagsmál.
- Getur orðið stjórnþæki til að leysa sameiginleg hagsmunamál og styrkt þannig stöðu sveitarfélaga gagnvart ríkinu.



Skipulagsmál sveitarfélaga

- Mikilvægt að tryggja sveitarfélögum aukið forræði á strandlögsögu, m.a. vegna efnistöku og hagnýtingar strandsvæða til fiskeldis og ferðaþjónustu



Gullkorn að lokum

Allir eru að hugsa um sig nema ég,
ég er að hugsa um mig

Munum eftir hinum!

